



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Reykjavík, 26. ágúst 2020
SFS2019100018
190. fundur
HG/ADG/sh

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Yfirlit yfir starfshópa á vegum Ráðhúss sem skóla- og frístundasvið á fulltrúa í

Eftirfarandi er yfirlit yfir starfshópa á vegum borgarstjóra, borgarritara og starfsmannastjóra Reykjavíkurborgar sem fulltrúar skóla- og frístundasviðs eiga sæti í.

Heiti starfshóps	Hlutverk starfshóps
<i>Samninganefnd Reykjavíkurborgar</i>	Koma að undirbúningi kjarasamningsviðræðna við viðsemjendur.
<i>Starfshópur um lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar og aðild að samtökum evrópska heilsuborga</i>	Vinna tillögu að lýðheilsustefnu Reykjavíkurborgar.
<i>Stýrihópur um heildstæða þjónustu fyrir börn með sérstakar þjónustuþarfir</i>	Hlutverk stýrihóps er að hafa heildarumsjón og styðja við innleiðingu breytinga á þjónustu fyrir fjölskyldur barna með sérstakar þjónustuþarfir sem veitt er af velferðarsviði og skóla- og frístundasviði.
<i>Samráðsnefnd Grænna skrefa Reykjavíkurborgar</i>	Hlutverk samráðsnefndar Grænna skrefa er að gera starfssemi Reykjavíkurborgar umhverfisvænni og í því skyni hafa yfirumsjón með verkefninu Græn skref, vinna að þróun þess og veita verkefnastjóra grænna skrefa stuðning í starfi.

Starfshópur um öryggi persónuupplýsinga í stjórnsýslu í Reykjavíkurborg	Að hafa yfirumsjón með rýmingu á hinu nýja regluverki og gera tillögur að aðgerðum Reykjavíkurborgar til þess að mæta auknum kröfum sem gerðar eru með tilkomu þess. Starfshópurinn enn formlega að störfum en hlutverk er í endurskoðun.
Öryggisnefnd Reykjavíkurborgar	Að fylgja eftir ákvæðum vinnuverndarlaga og tryggja að fyrirmælum innri og ytri eftirlitsaðila sé fylgt hjá Reykjavíkurborg.
Stýrihópur um mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030	Ber ábyrgð á vinnu við mótun menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030. Markmið vinnunnar er að ná breiðri samstöðu um mikilvægustu markmið, brýnustu úrbætur og aðgerðir í menntamálum borgarinnar, með áherslu á hag barna og ungmenna í skólasamfélaginu.
Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla	Hlutverk stýrihóps um uppbyggingu leikskóla til ársins 2023 er að fylgja eftir framsettum hugmyndum, vakta vel framkvæmdir og tryggja að áætlanir standist bæði tímalínur og kostnað ásamt því að vinna tillögur um endurskoðun áætlana þegar og ef forsendur breytast.